

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsolía Hafnarfirði



<b>Dags eftirlits</b>	18.3.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Atlantsolía	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Heimili</b>	Lónsbraut 2	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	590602-3610	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Albert Valur Albertsson	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	354728,781 399121,086

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar þykktarmælingar á tveimur geymum en fyrirhugað er að mæla þá nú í ár, í viku 15-17. Ein ábending var sett fram er varðar að uppfæra þarf öryggisblöð í stöðvarhúsi.

## UMFANG EFTIRLITS

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu fráviks
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla. Þrjú frávik komu fram við síðasta eftirlit er varða að uppfæra hafi þurft áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda og að skráningum, utanumhaldi rekstrarhandbókar hafi verið ábótavant og að viðvörunarbúnað hafi vantað í olíuskilju. Öllum þessum frávikum hefur nú verið lokað. Engin ábending var sett fram í síðasta eftirliti. Farið var yfir áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti og það uppfært miðað við núverandi stöðu.

Umfang starfseminnar er óbreytt frá síðasta eftirliti. Starfsmaður hefur verið ráðinn til að sinna utanumhaldi, skráningum og eftirliti í stöðinni. Skolgeymir við stöðina hefur verið settur upp en er ekki kominn í notkun. Hann verður notaður til tæmingar á lögnum flutningsbíla á milli áfyllinga. Um 15-50L af olíuefnum liggja í lögnum bílanna eftir tæmingu og er því tappað af þegar skipt er á milli bensíns og díselolíu á flutningsbílunum. Aftöppunarefnin fara svo til endurnýtingar í Örfirisey.

Landað er inn í stöðina á um 5 vikna fresti. Olíudreifing er verktaki fyrir rekstraraðila hvað varðar löndun olíu og fylgir þar viðurkenndum gæðastöðlum og eigin verklagsreglum. Olíudreifing hefur umsjón með löndun olíu frá höfn og upp að geymi. Rekstraraðili ber þó ábyrgð á lönduninni sem starfsleyfishafi.

Fyrirhugað er að skipta út þéttingu á innra flotpaki bensíngeymisins, G003A um leið og hann verður botnþykktarmældur en áætlað er að mælingin fari fram í viku 15-17 nú í ár. Einnig verður geymir G001B mældur. Varahlutir sem beðið hefur verið eftir eru enn ekki komnir en eru á leiðinni. Mælingar á útblásturslofti bensíngeymis voru gerðar þann 14. – 15. desember sl. og voru mælingarnar innan marka starfsleyfisins eða  $0,22 \text{ g.HC/Nm}^3$  og var gufuendurnýtingabúnaðurinn þjónustaður og yfirfarinn um leið.

Olíuskiljurnar voru tæmdar og sandföng hreinsuð af Hreinsitækni þann 11. september 2020. Búið er að tengja viðvörunarbúnað í skiljurnar skv. gr. 15 í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Rekstrarhandbók var yfirfarin í eftirliti og var þar að finna öll þau gögng sem krafist er skv. gr. 4.1 og 4.4 í starfsleyfi. Skráningar voru góðar og hafa verið bættar til muna frá fyrri eftirlitum. Starfsleyfið var til staðar í rekstrarhandbók, umhverfismarkmið og afrit af tryggingaskírteini vegna bráðamengunar hafs og stranda voru send í töluþósti til eftirlitsaðila að loknu eftirliti. Áhættumat og viðbragðsáætlun hafa verið uppfærð.

Námskeið fyrir starfsmenn eru haldin reglulega og voru 7 námskeið haldin fyrir starfsmenn á síðasta ári,

þ.m.t efnanámskeið og ADR námskeið. Voru skráningar námskeiða skoðaðar í eftirlitinu.

Engin spilliefnaúrgangur fellur til í stöðinni en starfsmenn Olíudreifingar taka með sér olíublautar mottur og tuskur ef við á. Annar úrgangur fer til skrifstofu og í sameiginlegan úrgang þar. Ísogsefni voru til staðar í geymslugámi við stöðina.

Gengið var um stöðina og hún skoðuð. Sprungur eru komnar í efsta hluta malbiks lekavarnaþróar en gert er við það reglulega. Lokar lekavarnaþróarinnar stóðu lokaðir. Myndavélakerfi með hreyfiskynjara er á svæðinu og sjálfvirkur viðvörðunarbúnaður er til staðar sem gerir starfsmönnum viðvart ef eitthvað óeðlilegt er í gangi varðandi geymana. Hlið stóð læst er komið var að stöðinni og girðingar eru heilar að sjá.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.3 í starfsleyfi	Botnar og þykkt neðasta umfars geyma skal mæld á minnst 10 ára fresti. Geymar nr. G001B og G003A voru síðast mældir árið 2010. Vegna tafa á afhendingu varahluta þá hefur ekki verið þykktarmælt en fyrirhugað er að mælingin fari fram í viku 15-17 nú í ár.



## ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram í eftirlitinu varðandi það að uppfæra þarf öryggisblöð í möppu sem staðsett er í stöðvarhúsi birgðastöðvarinnar.

## ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist eftirlitsaðila varðandi starfsemina en eitt mengunaróhapp varð í nóvember sl. þegar um 440L af bensíni fóru niður á áfyllingarplanið við dælingu á bíl. ODR sá um hreinsun á planinu og olíuskilja var tæmd í framhaldinu.

Viðstaddir eftirlitið voru fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Hafnafjarðar og - Kópavogs og Bjarki Kristjánsson frá Mannvit.

Reykjavík, 16.04.2021

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir

